

Áskrift að hlutum, Almennum hluthafalánum og Sértekum hluthafalánum

Stofnað hefur verið félagið Golf-Sel ehf. en tilgangur félagsins er að afla fjármuna til þess að veita lán til Golfklúbbs Flúða (GF) svo hann geti fest kaup á Selsvelli og tengdum eignum og stuðlað að því að golfklúbbur og golfvöllur sé til staðar á Flúðum, Hrunamannahreppi. Á heimasíðu Golfklúbbs Flúða, fgolf.is eða kaffisel.is (undir liðnum "golf") er að finna eftirtalin gögn til frekari upplýsinga: **1. Samþykktir og stofnskrá Golf-Sels ehf.** **2. Hluthafasamkomulag Golf-Sels ehf.** Auk þess er vísað til upplýsingafundar, sem haldnn var 23. nóv. sl. og útsends upplýsingabækling. Allar frekari upplýsingar má fá hjá formanni GF, Árna Tómassyni, arnitom@simnet.is, s: 898 2994.

Ákveðið hefur verið að leita til félagsmanna í GF og annarra velunnara Selsvallar og óska eftir að þeir leggi fram fjármuni til þess að unnt sé að kaupa völinn á 150 milljónir króna og tryggja þar með eignarhald á velinum til frambúðar, með þeim lífsgæðum sem golfvelli fylgja. Hér á eftir verður boðið upp á tvöns konar möguleika á áskrift, annars vegar áskrift að Hlutum í félaginu og Almennum hluthafalánum og hins vegar áskrift að Sértekum hluthafalánum.

Það er mikilvægt að áréttu að með því að skrá sig fyrir áskrift er viðkomandi að skuldbinda sig til greiðslu á þeirri fjárhæð sem hann skráir sig fyrir og heimilar Golf-Seli ehf. að innheimta þá fjárhæð fyrir 20. mars 2022.

Áskrift að hlutum í Golf-Sel ehf. og Almennum hluthafalánum

Ekki er unnt að aðskilja hluti í félaginu og Almenn hluthafalán. Lágmarksáskrift er að einum hlut, sem gefur eitt atkvæði í félaginu og skiptist í Hlutfé kr. 5.000 og Almenn hluthafalán kr. 495.000. Hver einstaklingur má að hámarki eiga 10% hlut í félaginu sem samsvarar 30 hlutum.

Almenna hluthafalánið er óbeint tryggt með veði í þeim eignum sem keyptar verða og verður endurgreitt á næstu 15 árum að hámarki, en skemur ef fyrirætlanir félagsins um sölu eigna ganga eftir. Lánið ber hóflega vexti frá og með ári 4, en er vaxtalaust fyrstu 3 árin. Afborgun af höfuðstól greiðist með jöfnum afborgunum á árum 4-15 eftir útgáfudag.

Hlutfé verður endurgreitt þegar greiðslu allra lána er lokið. **Sjá nánar í Hluthafasamkomulagi.**

Ég skrái mig fyrir eftirtöldum Hlutum og Almennu hluthafaláni

Nafn	Kennitala	Fjöldi hluta	Fjárhæð hlutfjár (fjöldi hluta x 5.000)	Almenn hluthaflán, fjárhæð (fjöldi hluta x 495.000)

Áskrift að Sértekum hluthafalánnum

Einungis er unnt að skrá sig fyrir Sértekum hluthafalánnum ef viðkomandi á a.m.k. einn hlut í félaginu. Engin takmörk eru á fjárhæð Sértekra hluthafalána sem einstakir aðilar geta skráð sig fyrir. Nemi heildarskráning hluta og hluthafalána meiru en sem nemur 150 milljónum króna, hefur stjórn félagsins heimild til að lækka fjárhæð Sértekra hluthafalána hlutfallslega þannig að samtala hluta, Almennra hluthafalána og Sértekra hluthafalána nemi samtals 150 mkr.

Sérteka hluthafalánið er óbeint tryggt með veði í þeim eignum sem keyptar verða og verður endurgreitt á næstu 15 árum að hámarki, en skemur ef fyrirætlanir félagsins um sölu eigna ganga eftir. Sérteka hluthafalánið veitir ekki atkvæðisrétt í félaginu, en ber 2% vexti umfram Almennu hluthafalánin frá útgáfudegi. Afborganir vaxta hefjast 12 mánuðum eftir útgáfudag, en afborgun af höfuðstól greiðist með jöfnum afborgunum á árum 4-15 eftir útgáfudag. **Sjá nánar í Hluthafasamkomulagi.**

Ég skrái mig fyrir Sérteku hluthafaláni

Nafn	Kennitala	Sértekt hluthaflán, fjárhæð

Náist ekki lágmarks fjárhæð hlutfjár kr. 500.000 (100 hlutir), en heildarfjárhæð áskrifta nemur a.m.k. 100.000.000 verður leitað til þeirra sem skráðu sig fyrir Sértekum hluthafalánnum um að breyta hluta þeirra í Hlutfé og Almenn hluthafalán, þar til lágmarki er náð. Engin skuldbinding er á þeim sem skrá sig fyrir Sérteku hluthafaláni að verða við þessum tilmælum.

Undirritaður/undirrituð samþykkja að framangreindar fjárhæðir Hlutfjár, Almenns hluthafaláns og Sértekis hluthafaláns verði innheimtar af Golf-Seli ehf. með innheimtuseðli í bankastofnun og með gjalddaga og eindaga 20.03.2022.

Verði ekki greitt á eindaga gilda almennar reglur viðkomandi bankastofnunar.

Staður og dagsetning:

Undirskrift

Undirskrift

Frestur til að ganga frá áskrift rennur út að kvöldi **mánudags 20. desember 2021**. Áskriftum skal koma helst rafrænt til Árna Tómassonar, arnitom@simnet.is. Ef ekki er unnt að koma skráningarblaði (undirrituðu) rafrænt til skila má póstsenda það á Hraunbraut 20, 200 Kópavogur, en jafnframt þarf að láta vita að skjal sé á leiðinni með fjárhæð og nafni. Vanti skýringar má hafa samband í síma 898-2994 eða í tölvupósti.